

Kvenfrelsun og kvennaathvarf – birtist í Kvinnablaðinu 20. maí 2017

Frelsun kvenna á Vesturlöndum hefur staðið yfir í drjúgar tvær aldir. Í upphafi voru kvenfrelsunarhóparnir sundurgerðarlegir rétt eins og í dag. Þá eins og nú bar á öfgum og ofbeldi. Rússneskur kvenfrelsari myrti um aldamótin 1900 um þrjú hundruð eiginmenn kvenna, sem töldu sig beittar ofbeldi af körlum sínum. Á sama méli unnu kvenréttindakonur í Lundúnum skemmdarverk og gerðu árásir á (karlkyns) lögreglumenn. Konur úr röðum kvenfrelsunarsamtaka tóku þátt í starfi breskra og þýskra nasista. Konur tóku þátt í útrýmingu gyðinga. Atkvæði kvenna vógu þungt við valdatöku nasista í Þýskalandi og fasista á Ítalíu. Konur börðust ötullega á vígvöllum Austur-Evrópu í seinna heimsstríði og aukin heldur héldu þær vopnaframleiðslunni gangandi, meðan karlar þeirra öttu kappi á vígvöllum.

Hugmyndafræðingar jafnaðarstefnu börðust gegn hjónabandinu.

Í ríkjandi hjónabandslöggi Vesturlanda stóð konan í skjóli karlsins. Einungis efnahagslega sjálfstæðar konur voru lögaðiljar. Þetta fól m.a. í sér, að erfitt var að koma lögum yfir giftar konur. T.d. var ekki unnt að draga sænska kvensjóræningjann, Christina Anna Skytte, fyrir dóm af þeim sökum. En eiginkarl hennar sat í súpunni. Þegar kosningaréttur kom til sögunnar voru það einungis konur (og karlar reyndar einnig), er voru sjálfs sín ráðandi, sem öðluðust þann rétt.

Kosningaréttur kvenna var önnur þungamiðja í kvenfrelsisbaráttunni um og upp úr aldamóttunum 1900. Fjöldi karla lagði þar þung lóð á vogarskálarnir. Meðal annars skrifuðu fjórir þekktustu karlithöfundar Noregs ávarp til kvenna og þings um breytingar á hjónabandsráðgjöfinni. Þeir, Björnsterne Björnsson, Henrik Ibsen, Jonas Lie og Alexander Kielland, sögðu:

“Hún [konan] verður að skilja og finna, að hún stofni til hjónabands á jafnréttisgrundvelli, hafi sama lagarétt og karlmaðurinn. Slíkt er siðferðilega gott báðum aðiljum og sambúðin mun verða auðveldari, bera vott gagnkvæmri virðingu.”

Margir íslenskir karlmenn voru einnig ákafir talsmenn sömu lýðréttinda handa körlum og konum og brautryðjendur í baráttunni fyrir þeim. Karlar á þjóðþingum Vesturlanda greiddu götu löggjafar, sem tryggði slík réttindi. (Fyrstir voru reyndar karlar í bresku nýlendunni, Nýja-Sjálandi, fyrir aldamótin 1900.)

Þrátt fyrir að karlar Vesturlanda hefðu samþykkt óskorðuð lýðréttindi handa öllum körlum og konum, hélt kvenfrelsunin áfram. Konur tóku ótvíræða forystu. Spjótunum er beint að svonefndu feðraveldi eða karlaveldi. Kvenfrelsunarfræðimenn á borð við Simone de Beauvoir, Betty Friedan, Carol Hanisch, Juliett Mitchell og Germaine Greer, hafa gríðarleg áhrif.

Boðskapurinn er í hnotskurn sá, að konur eigi körlum illt upp að unna, að karlar um víða veröld hafi verið og séu kúgarar. Kúgunarþörf karla býr í eðli þeirra eða í samfélagsgerðinni og tungumálinu, sem karlar eru ábyrgir fyrir. Þannig er hvert sveinbarn kúgari.

Sumar baráttuhreyfingar kvenna aðhylltast fyrrnefnda eðlishyggi.

„Treystið engu sem karlar hafa skrifað um konur, því þeir eru í senn kúgarar og dómara.“
(Simone de Beauvoir)

„Frelsun kvenna er annað og meira en „jafnrétti“ til að lifa eins og „fjötraðir“ karlmenn.
(Germaine Greer)

„Oft og réttilega er á það bent, að konur eigi ekki að stíga fram á svið þjóðlífsins sem einhver eftirlíking þeirra ímyndar, sem karlmannasamfélagið hefur getið af sér og birtist sem einhliða, mótaður, tilfinningafírrtur einstaklingur.“ (Soffía Guðmundsdóttir)

„Karlmaðurinn er meinið. Því má einu gilda úr hvaða sjónarhorni stjórn mála eða hagfræða tilveran er skoðuð.“ (Nina Karin Monsen)

„Ég lít svo á að konur séu kúgaðar vegna þess að þær eru konur.“ (Stefanía Traustadóttir)

„Launamisrétti, fátækt kvenna, valdleysi þeirra og kynbundið ofbeldi, eru allt greinar af sama meiði. Þann meið kalla ég karlveldi.“ (Valgerður Bjarnadóttir)

„Hér á landi eru þúsundir kvenna og barna sem hræðast hversdaginn. Þau eru ekki örugg heima hjá sér, finna fyrir daglegum ótta, vanmætti og niðurlægingu. ... Ástæðan er kynbundið ofbeldi [þ.e. ofbeldi karla] sem þrífst í skjóli þagnarinnar, ...“ (Drífa Snædal)

Staðreyndin er að undirrót vandans er valdbeiting karlsins innan fjölskyldunnar. (Pia Bäcklund)

Öfgafyllstu kvenfrelsararnir láta að því liggja, að karlar hafi gagnert tekið höndum saman um að kúga konur og börn. Lykilhugtakið er þöggun:

„Hvernig stendur á því að karlar, sem lengstum hafa ráðið ríkjum í stéttum lækna og sálfræðinga hafa ekki [fyrir] löngu kannað rækilega þessa hegðun [kynferðislegt ofbeldi gegn konum og börnum] meðbræðra sinna. Hefur verið í gildi einhvers konar þegjandi samtrygging karla um að tala ekki um þessi mál og taka mildilega á þeim, jafnt í dómstólum sem annars staðar?“ (Kristín Ástgeirsdóttir.)

„Karlar hafa haft greiðan aðgang að umræðunni um jafnrétti og ofbeldi. Þeir hafa hins vegar hundsáð hana og ég held að ástæðan sé óþægilega einföld. Allt of mörgum hefur hentað það ljómandi að ástandið breyttist ekki. Þeir hafa völdin, launin og ofbeldi karla gegn konum hefur verið áhrifarík leið til þess að viðhalda ástandinu.“ (Guðrún Jónsdóttir)

Kvennaathvarfið, stofnað árið 1982 af ýmsum samtökum kvenna, grundvallast á ofangreindri hugmyndafræði – og Stígmót reyndar einnig. Þangað er konum, sem telja sig fórnarlömb karla, boðið að koma með börn sín (og feðra þeirra). Það er gildur aðgöngumiði. Konurnar nema börnin á brott frá heimili og föður. Feðrum er meinað að hafa samband við börn sín í Kvennaathvarfinu.

„Enginn viðmælendanna var í sambandi við föður sinn eftir að þeir komu í Kvennaathvarfið.“ (Bergdís Ýr Guðmundsdóttir) Logið er að börnunum um dvalarstaðinn.

„Barn [er] ekki upplýst um þann stað sem kvennaathvarf er, því er sagt t.d. að dvalið sé á hóteli, erlendis eða að það sé í fríi.“ ... „Staðsetningu athvarfsins [er] haldið leyndri.“ ... „Barn [er] ekki upplýst um að dvöl í kvennaathvarfi sé í vændum.“ (Anni Haugen og Bergdís Ýr Guðmundsdóttir)

Fátt er vitað um mæður barnanna; um 36 af hundraði þeirra eru öryrkjar og um helmingur þeirra snýr aftur til ofbeldiskarla sinna með börnin. Fáar kæra staðhæft ofbeldi. Um 87 af hundraði segja það andlegt. Nánari skilgreining fylgir ekki.

Hluti kvennanna á margar vistanir að baki. „Þetta eru sterkar konur sem hafa kjark til að leita aðstoðar fyrir sig og börnin sín – hafa kjark til að rjúfa þögnina.“ (Drifa Snædal)

Frá stofnun Kvennaathvarfs til ársins 2013 höfðu 3.400 kjarkaðar konur lagt leið sína til stofnunarinnar. Árið 2004 dvöldu 55 börn í Athvarfinu, árið 2012 voru þar vistuð 87 börn. Meðaldvalartími var 24 dagar. Mæður og börn koma stundum í fylgd fulltrúa barnaverndarnefndar, stundum með fulltingi fulltrúa Barnaverndarstofu. Þessi fulltrúi veitir jafnvel „meðferðarviðtöl“ í Athvarfinu.

Stundum koma konur í fylgd lögreglu, sem veitir þeim ýmis konar þjónustu: „Lögregla kemur með sumar konur og börn þeirra í Athvarfið eftir að hafa verið kölluð á heimili þar sem ofbeldi á sér stað. Einnig geta dvalarkonur fengið lögreglufylgd heim til að ná í helstu nauðsynjar/persónulegar eigur ef þannig stendur á. Undanfarin ár hefur Athvarfið átt sinn sérstaka tengilið hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Starfskonur eiga greiðan aðgang að þessari lögreglukonu ... [sem] kemur einnig í Athvarfið ef nauðsyn krefur og ræðir við konur þar.“ (Hildur Guðmundsdóttir)

Heilbrigðisstarfmenn eru sumir hverjir afar greiningasnjallir, þegar ofbeldi er annars vegar: “[Kvenlæknirinn var fljótur] að sjá að konan bjó við ofbeldi bara á því hvernig maðurinn hennar talaði við hana á sjúkrahúsinu. Læknirinn sagði henni frá Kvennaathvarfinu og bauð henni að hringja sem hún gerði.“ (Hildur Guðmundsdóttir)

Í hverju felst svo aðstoðin við börnin? „Starfskonur“ bjóða upp á klínísk viðtöl:

„Starfskonurnar nefndu allar að sú hugmynd að bjóða börnum upp á viðtöl hefði snert þær á skríttinn hátt og þær hefðu ekki verið vissar um hvort þær myndu treysta sér til þess að taka viðtöl við þau.“ (Bergdís Ýr Guðmundsdóttir)

Viðtöl við börnin byggja á ofanrakinni hugmyndafræði:

„Starfið hefur ... einkennst af hugmyndum kvennahreyfinga ... enda sprottið upp úr kvennahreyfingum og með áherslu á að rétta við hlut kvenna í samfélaginu og berjast gegn feðraveldi. ... [S]ko það er kannski asnalegt að segja það en það er rauðsokkugangur yfir starfsseminni, en mér finnst það ekki neikvætt, ...“ (Starfskona)

Áður var rekinn skóli í Kvennaathvarfinu. Nú ganga börn af höfuðborgarsvæðinu venjulega í skóla sína og dagvistarstofnanir. Börn utan svæðisins fá ekki skólagöngu. Sum þeirra eru lokuð inni í Athvarfinu að mestu, jafnvel 133 daga. „Starfskonur“ leggja sig fram um að vinna úr ofbeldisreynslu vistbarna, sem þau, að sögn móður, hafa orðið fyrir. Og hvernig skyldu nú börnunum líða, meðan á meðferð stendur?

Norsk rannsókn frá sams konar starfsemi í Noregi árið 2009 gæti gefið vísbendingu:

„Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru að börnum fannst staða þeirra oft vera ruglingsleg, þau skorti upplýsingar ... [Á]herslan á að halda staðsetningu athvarfsins leyndri flækti líf

sumra, þau þurftu sum hver að ljúga og skipuleggja sögu sína vel til þess að koma ekki upp um staðsetninguna. Í nokkrum tilfellum leiddi það til þess að barnið einangraði sig frá lífinu utan athvarfsins. Þátttakendur kvörtuðu yfir því að hafa ekki fengið mikilvægar upplýsingar um dvöl sína, svo sem hvar þau voru, hver væri ástæða dvalar þeirra og hvað tæki við er dvöl í kvennaathvarfinu lyki.“ (Bergdís Ýr Guðmundsdóttir)

Sú spurning hlýtur að vakna, hvert sé eðli téðrar starfsemi og hverjar séu lagalegar og kerfislegar forsendur hennar. Hér er greinilega rekin starfssemi, sem í senn fellur undir barnalög og barnaverndarlög, enda koma bæði barnaverndarnefndir og Barnaverndarstofa að starfsemi.

Sé um heilbrigðisþjónustu að ræða er starfsemin skilyrt leyfi landlæknis, sem einnig hefur eftirlitsskyldu að gegna. Þáttur löggæslunnar stangast á við lög. Engum er heimilt að nema barn brott af heimili sínu, nema að undangengnum úrskurði barnaverndarnefndar eða dómstóla. Lögreglan tekur þátt í slíkum hráskinnaleiki. Sama gildir um tálmun á umgengni foreldris við barn sitt.

Í þessu efni er Kvennaathvarf, barnavernd og lögregla samsek. Að þessu sögðu hlýt ég að beina þeim tilmælum til hlutaðeigandi stofnanna og yfirvalda að útskýra hlutdeild sína. Þá væri fróðlegt að lesa rökstuðning hins opinbera, ríkisvalds og sveitarfélaga, fyrir fjármögnun þeirrar starfsemi, sem hér er fjallað um.